

1291. Stjórnarfundur VR

Haldinn mánudaginn 27. apríl 2026, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Birgitta Ragnarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Jennifer Schröder, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Karl. F. Thorarensen, Paula A. Rodriguez Sanchez, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Styrmir Jökull Einarsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Tómas Gabríel Benjamin, Eldar Ástþórsson varamaður og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Júlíana Einarsdóttir og Selma Björk Grétarsdóttir.

Fjarverandi: Andrea Rut Pálsdóttir og Þórir Hilmarsson 1. varamaður.

Gestur fundarins: Herdís Rán Magnúsdóttir, sviðsstjóri mannauðssviðs VR.

Næsti fundur: 20. maí 2026

Halla Gunnarsdóttir, formaður VR, bauð fundarfólk velkomið á þennan aukafund stjórnar VR sem haldinn var til ræða viðbrögð við ákvörðun stjórnar á fundi þann 15. apríl síðastliðinn um launakjör formanns en mikil umræða var um málið í fjölmiðlum. Er það eini dagskrárliður fundarins fyrir utan liðinn Önnur mál.

Halla lagði til að umræður á fundinum taki mið af upplifun stjórnarfólks af umfjöllun og ákvarðanatöku stjórnar um launamál formanns annars vegar og hins vegar hvaða lærdóm megi draga af málinu.

Halla fór yfir atburðarrás síðustu daga, eða frá því DV birti frétt að kvöldi föstudagsins 17. apríl um samþykkt stjórnar tveimur dögum fyrr um breytingar á launum formanns. Í fréttinni voru rangar upplýsingar um launakjör formanns. Var vísað í tvo stjórnarmenn í fréttinni og rætt stuttlega við annan. Í kjölfarið birti mbl.is frétt sem byggði á frétt DV, enn með röngum upplýsingum. VR sendi í kjölfarið fjölmiðlum þau gögn sem launanefnd VR byggði sína ákvörðun um laun formanns á og birta fjölmiðlar leiðréttingar, en fyrri fréttir standa eftir óbreyttar.

Halla fjallaði því næst um umfjöllun formanns Eflingar, Sólveigar Önnu Jónsdóttur, á samfélagsmiðlum og greinaskrifum, ómálefnalega gagnrýni hennar og afskipti af starfsmannamálum félagsins. Formaður Eflingar birti 7 færslur á samfélagsmiðlum og 2 greinar á visir.is á sex dögum um launamál formanns og starfsmannamál VR. Alls birtust 23 fréttir um málið í fjölmiðlum á sama tímabili.



Halla benti á að hún hafi ekki fengið mikil bein viðbrögð frá félagsfólki, þrjá tölvupósta þar sem lýst var yfir stuðningi við hana og þeirri skoðun lýst að afskipti formanns Eflingar af starfsemi félagsins væri óásættanleg, og einn tölvupóst frá óánægðum VR félaga. Í trúnaðarráði hafi komið fram gagnrýniraddir á ákvörðun stjórnar og á að formenn VR og Eflingar séu að deila opinberlega, en þó líka stuðningur við bæði félagið og stjórn og hennar ákvörðun.

Umræður

Halla þakkaði fyrir hreinskiptar umræður sem einkenndist hafi af virðingu og vinsemd. Þótt orðið hafi ákveðinn trúnaðarrestur skipti mestu máli að stjórnin haldi áfram að vinna samhent að hagsmunum félagsfólks sem ætíð séu í fyrsta sæti.

Fundi slitið kl. 21:55